

Tillaga til þingsályktunar

um fullgildingu breytingar á Montrealbókun um efni sem valda rýrnun ósonlagsins.

(Lögð fyrir Alþingi á 117. löggjafarþingi 1993.)

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að fullgilda fyrir Íslands hönd breytingu á Montrealbókun frá 16. september 1987 um efni sem valda rýrnun ósonlagsins er gerð var í Kaupmannahöfn 25. nóvember 1992, sbr. Vínarsamning frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins.

Athugasemdir við þingsályktunartillögu þessa.

Ísland gerðist árið 1989 aðili að Vínarsamningi frá 22. mars 1985 um vernd ósonlagsins og að bókun við samninginn frá 16. september 1987, Montrealbókuninni um efni sem valda rýrnun ósonlagsins, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 9/1989. Alþingi hafði með ályktun 18. maí 1989 heimilað ríkisstjórninni að staðfesta samninginn og bókunina. Hinn 16. júní 1993 var breyting á Montrealbókuninni frá 29. júní 1990 fullgilt fyrir Íslands hönd samkvæmt heimild í ályktun Alþingis 21. apríl 1993.

Á fjórða fundi aðila að Montrealbókuninni í Kaupmannahöfn 25. nóvember 1992 var samþykkt breyting á bókuninni. Breytingin öðlast gildi 1. janúar 1994 hafi tuttugu samningsaðilar staðfest hana. Með þingsályktunartillögu þessari fer ríkisstjórnin þess á leit að Alþingi heimili fullgildingu breytingarinnar af Íslands hálfu. Hún er birt sem fylgiskjal 1 með þingsályktunartillögu þessari.

Helstu atriði breytingarinnar eru þessi:

1. Ákvæði eru sett um takmörkun á notkun og framleiðslu vetnisklórflúorkolefna á skrá bókunarinnar (flokkur I, viðauki C). Efni þessi voru áður skráð en án tímatakmarkana. Ákvæðin miða að því að minnka notkun þessara efna í áföngum fram til ársins 2030, en þá skal notkun þeirra hætt.

2. Vetnisbrómflúorkolefnum er bætt á skrá bókunarinnar (flokkur II, Viðauki C). Notkun og framleiðsla þessara efna skal hætt frá og með 1. janúar 1996.

3. Efninu metýlbrómíð er bætt á skrá bókunarinnar (Viðauki E). Frá og með 1. janúar 1995 skal notkun og framleiðsla þessa efnis ekki fara fram úr neyslu- og framleiðslumagni ársins 1991.

Á Kaupmannahafnarfundinum voru einnig samþykktar lagfæringar á ákvæðum Montrealbókunarinnar. Lagfæringarnar öðluðust gildi 22. september 1993 í samræmi við 2. gr. bókunarinnar. Þær eru birtar sem fylgiskjöl 2 og 3 með þingsályktunartillögu þessari. Samkvæmt þeim eru hert ákvæði um notkun og framleiðslu þeirra efna sem þegar eru á skrá bókunarinnar.

Meginatriði lagfæringanna eru þessi:

1. Draga skal úr notkun og framleiðslu klórflúorkolefna í flokki I í viðauka A um 75%

fyrir 1. janúar 1994, miðað við notkun og framleiðslu árið 1986, og hætta skal notkun og framleiðslu þessara efna fyrir 1. janúar 1996.

2. Hætta skal notkun og framleiðslu halóna í flokki II í viðauka A fyrir 1. janúar 1994.

3. Draga skal úr notkun og framleiðslu klórflúorkolefna í flokki I í viðauka B um 20% fyrir 1. janúar 1993 og 75% fyrir 1. janúar 1994, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta skal notkun og framleiðslu þessara efna fyrir 1. janúar 1996.

4. Draga skal úr notkun og framleiðslu koltetraklórída í flokki II í viðauka B um 85% fyrir 1. janúar 1995, miðað við notkun og framleiðslu árið 1989, og hætta skal notkun og framleiðslu þessara efna fyrir 1. janúar 1996.

5. Notkun og framleiðsla á efninu 1,1,1-tríklóretan í flokki III í Viðauka B skal frá og með 1. janúar 1993 ekki fara fram úr notkun og framleiðslu ársins 1989. Minnka skal notkun og framleiðslu þessa efnis um 50% fyrir 1. janúar 1994, miðað við notkun og framleiðslu ársins 1989. Notkun og framleiðsla þessa efnis skal hætt frá og með 1. janúar 1996.

Árið 1992 hafði notkun klórflúorkolefna hér á landi minnkað um tæp 70% og halóna um 80% miðað við notkun árið 1986. Notkun koltetraklóríðs, 1,1,1-tríklóretans og vetnisbrómflúorkolefna er lítil hér á landi. Samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum eru ekki vandkvæði á því að finna önnur efni sem komið geta í þeirra stað. Efnið metýlbrómíð er ekki notað hér á landi. Vetniklórflúorkolefni eru hins vegar töluvert notuð hér á landi, enda hafa þau til bráðabirgða leyst af hólmi klórflúorkolefni sem hafa margfalt skaðlegri áhrif á ósonlagið. Draga skal úr notkun þessara efna í áföngum fram til ársins 2030, en þá skal notkun þeirra hætt. Notkun þeirra skal þó að mestu hætt fyrir árið 2020. Gert er ráð fyrir að á þeim tíma muni stór hluti þess tækjabúnaðar sem notar þessi efni úreldast.

Á fundi ríkisstjórnarinnar 12. maí 1992 var samþykkt að stefna að því að Ísland fylgi áætlunum þeirra þjóða sem ganga hvað lengst í að draga úr notkun ósoneyðandi efna. Haft hefur verið náð samráð við hagsmunaaðila hérlandis um að draga enn frekar úr notkun ósoneyðandi efna í samræmi við þá áætlun sem samþykkt var á Kaupmannahafnarfundinum. Framkvæmd þessarar áætlunar felur ekki í sér neina fyrirsjáanlega örðugleika. Þess ber að geta að ákvæði bókunarinnar taka aðeins til notkunar nýrra efna, þannig að áfram er heimilt að nota endurnýtt og endurunnin efni. Þá gekk í gildi 1. ágúst 1993 reglugerð um varnir gegn mengun af völdum klórflúorkolefna og halóna sem sett var samkvæmt heimild í lögum nr. 52/1988 um eiturefni og hættuleg efni, sbr. lög nr. 51/1993.

Íslenskur iðnaður mun hafa einhvern tíma til að laga starfsemi sína að öðrum eignum og/eða nýrri tækni. Jafnframt mun mikið af þeim búnaði sem er í notkun og krefst notkunar þessara efna úreldast á því tímabili sem nýja áætlunin tekur til. Einnig er komin, eða eru að koma á markaðinn, ný efni sem geta gegnt sama hlutverki en hafa ekki ósoneyðandi áhrif.

Fylgiskjal 1.**BREYTING Á MONTREALBÓKUN
UM EFNI SEM VALDA RÝRNUN
ÓSONLAGSINS****1. GR. BREYTING****A. 1. gr., 4. tl.**

Í 4. tl. 1. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

eða Viðauka B
skal setja:
, Viðauka B, Viðauka C eða Viðauka E

B. 1. gr., 9. tl.

9. tl. 1. gr. bókunarinnar skal fella brott.

C. 2. gr., 5. tl.

Í 5. tl. 2. gr. bókunarinnar, á eftir orðunum:

greinum 2A til 2E
skal bæta við:
og grein 2H

D. 2. gr., 5. tl. A

Eftirfarandi tölulíð skal bæta við bókunina aftan við 5. tl. 2. gr.:

5A. Hver sá aðili sem ekki beitir 1. tl. 5. gr. er heimilt eitt eða fleiri takmörkunartímabil að miðla öðrum slíkum aðila hvaða hluta sem er af því reiknaða neyslumagni hans sem lýst er í grein 2F, að því tilskildu að reiknað magn neyslu á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka A hjá þeim aðila sem miðlar hluta af reiknuðu neyslumagni sínu hafi ekki farið yfir 0,25 kg á mann á árinu 1989 og að samanlagt reiknað heildarmagn neyslu hlutaðeigandi aðila fari ekki fram úr þeim neyslumörkum sem tiltekin eru í grein 2F. Slíkan flutning neyslu skal hvor hlutaðeigandi aðili tilkynna skrifstofunni og skýra frá skilmálum slíks flutnings og því tímabili sem hann gildir.

E. 2. gr., 8. tl. (a) og 11. tl.

Í 8. tl. (a) og 11. tl. 2. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

2A til 2E
skal setja í hvert skipti sem þau koma fyrir:
2A til 2H

**AMENDMENT TO THE MONTREAL
PROTOCOL ON SUBSTANCES THAT
DEplete THE OZONE LAYER****ARTICLE 1: AMENDMENT****A. Article 1, paragraph 4**

In paragraph 4 of Article 1 of the Protocol, for the words:

or Annex B

there shall be substituted:

, Annex B, Annex C or Annex E

B. Article 1, paragraph 9

Paragraph 9 of Article 1 of the Protocol shall be deleted.

C. Article 2, paragraph 5

In paragraph 5 of Article 2 of the Protocol, after the words:

Article 2A to 2E

there shall be added:

and Article 2H

D. Article 2, paragraph 5 bis

The following paragraph shall be inserted after paragraph 5 of Article 2 of the Protocol:

5 bis. Any party not operating under paragraph 1 of Article 5 may, for one or more control periods, transfer to another such Party any portion of its calculated level of consumption set out in Article 2F, provided that the calculated level of consumption of controlled substances in Group I of Annex A of the Party transferring the portion of its calculated level of consumption did not exceed 0.25 kilograms per capita in 1989 and that the total combined calculated levels of consumption of the Parties concerned do not exceed the consumption limits set out in Article 2F. Such transfer of consumption shall be notified to the Secretariat by each of the Parties concerned, stating the terms of such transfer and the period for which it is to apply.

E. Article 2, paragraphs 8 (a) and 11

In paragraphs 8 (a) and 11 of Article 2 of the Protocol, for the words:

Articles 2A to 2E

there shall be substituted each time they occur:

Articles 2A to 2H

F. 2. gr., 9. tl. (a) (i)

Í 9. tl. (a) (i) 2. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

og/eða Viðauki B

skal setja:

Viðauki B, Viðauki C og/eða Viðauki E

G. Grein 2F: Vetnisklórflúorkolefni
Eftirfarandi grein skal bæta við bókunina aftan við grein 2E:

Grein 2F: Vetnisklórflúorkolefni

1. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1996, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C ekki fram úr summu:

(a) 3,1 % af reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989 á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka A; og

(b) reiknuðu magni neyslu hans á árinu 1989 á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C.

2. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2004, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C ekki fram úr 65% af þeirri summu sem vísað er til í 1. tl. þessarar greinar.

3. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2010, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C ekki fram úr 35% af þeirri summu sem vísað er til í 1. tl. þessarar greinar.

4. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2015, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C ekki fram úr 10% af þeirri summu sem vísað er til í 1. tl. þessarar greinar.

5. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2020, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C ekki fram úr 0,5% af þeirri summu sem vísað er til í 1. tl. þessarar greinar.

6. Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 2030, og á hverju tólf

F. Article 2, paragraph 9(a)(i)

In paragraph 9(a)(i) of Article 2 of the Protocol, for the words:

and/or Annex B

there shall be substituted:

, Annex B, Annex C and/or Annex E

G. Article 2F: Hydrochlorofluorocarbons
The following Article shall be inserted after Article 2E of the Protocol:

Article 2F: Hydrochlorofluorocarbons

1. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1996, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex C does not exceed, annually, the sum of:

(a) Three point one per cent of its calculated level of consumption in 1989 of the controlled substances in Group I of Annex A; and

(b) its calculated level of consumption in 1989 of the controlled substances in Group I of Annex C.

2. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2004, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex C does not exceed, annually, sixty-five per cent of the sum referred to in paragraph 1 of this Article.

3. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2010, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex C does not exceed, annually, thirty-five per cent of the sum referred to in paragraph 1 of this Article.

4. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2015, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex C does not exceed, annually, ten per cent of the sum referred to in paragraph 1 of this Article.

5. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2020, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex C does not exceed, annually, zero point five per cent of the sum referred to in paragraph 1 of this Article.

6. Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 2030, and

mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskyldum eignum í flokki I í Viðauka C ekki fram úr núlli.

7. Frá 1. janúar 1996 að telja skal hver aðili leitast við að sjá um að:

(a) takmörkunarskyld efni í flokki I í Viðauka C séu aðeins notuð þar sem önnur vistvænni efni eða tækni eru ekki tiltæk;

(b) takmörkunarskyld efni í flokki I í Viðauka C séu ekki notuð þar sem takmörkunarskyldu efnin í Viðaukum A, B og C nægja um þessar mundir nema í sjaldgæfum tilfellum til verndar lífi manna eða heilsu; og

(c) takmörkunarskyld efni í flokki I í Viðauka C séu valin til notkunar á þann hátt að rýrnun ósonlagsins verði sem minnst, auk þess að fullnægja öðrum umhverfis-, öryggis-, og efnahagslegum þáttum.

H. Grein 2G: Vetnisbrómflúorkolefni

Eftirfarandi grein skal bæta við bókunina aftan við grein 2F:

Grein 2G: Vetnisbrómflúorkolefni

Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1996, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn neyslu hans á takmörkunarskyldum eignum í flokki II í Viðauka C ekki fram úr núlli. Hver sá aðili sem framleiðir efnin skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efnunum fari ekki fram úr núlli. Töluliður þessi skal gilda nema að því leyti að aðilar ákveði að heimila það magn framleiðslu eða neyslu sem þeir hafa fallist á að sé nauðsynleg til að uppfylla bráðanotkun.

I. Grein 2H: Metýlbrómíð

Eftirfarandi grein skal bæta við bókunina aftan við grein 2G:

Grein 2H: Metýlbrómíð

Hver aðili skal sjá um að á því tólf mánaða tímabili sem byrjar 1. janúar 1995, og á hverju tólf mánaða tímabili eftir það, fari reiknað magn ársneyslu hans á takmörkunarskylda efninu í Viðauka E ekki fram úr neyslumagni hans á árinu 1991. Hver sá aðili sem framleiðir efnið skal á umræddum tímabilum sjá um að reiknað magn framleiðslu hans á efninu ár hvert fari ekki fram úr reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1991. Til að uppfylla grundvallarþarfir þeirra aðila heima

in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group I of Annex C does not exceed zero.

7. As of 1 January 1969, each Party shall endeavour to ensure that:

(a) The use of controlled substances in Group I of Annex C is limited to those applications where other more environmentally suitable alternative substances or technologies are not available;

(b) The use of controlled substances in Group I of Annex C is not outside the areas of application currently met by controlled substances in Annexes A, B and C, except in rare cases for the protection of human life or human health; and

(c) Controlled substances in Group I of Annex C are selected for use in a manner that minimizes ozone depletion, in addition to meeting other environmental, safety and economic considerations.

H. Article 2G: Hydrobromofluorocarbons

The following Article shall be inserted after Article 2F of the Protocol:

Article 2G: Hydrobromofluorocarbons

Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1996, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substances in Group II of Annex C does not exceed zero. Each Party producing the substances shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substances does not exceed zero. This paragraph will apply save to the extent that the Parties decide to permit the level of production or consumption that is necessary to satisfy uses agreed by them to be essential.

I. Article 2H: Methyl Bromide

The following Article shall be inserted after Article 2G of the Protocol:

Article 2H: Methyl Bromide

Each Party shall ensure that for the twelve-month period commencing on 1 January 1995, and in each twelve-month period thereafter, its calculated level of consumption of the controlled substance in Annex E does not exceed, annually, its calculated level of consumption in 1991. Each Party producing the substance shall, for the same periods, ensure that its calculated level of production of the substance does not exceed, annually, its calculated level of production in 1991. However,

fyrir, sem beita 1. tl. 5. gr., má þó reiknað framleiðslumagn hans fara fram úr þessum takmörkunum um allt að 10% af reiknuðu framleiðslumagni hans á árinu 1991. Reiknað magn neyslu og framleiðslu samkvæmt grein þessari skal ekki ná til þess magns sem aðilinn notar fyrir sóttvarnarráðstafanir og fyrir not fyrir vörusendingar.

J. 3. gr.

Í 3. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:
2A til 2E
skal setja:
2A til 2H
og í stað orðanna:
eða Viðauka B
skal setja í hvert skipti sem þau koma fyrir:
, Viðauka B, Viðauka C eða Viðauka E

K. 4. gr., 1. tl. B

Eftirfarandi tölulið skal bæta við bókunina aftan við 1. tl. A 4. gr.:

1B. Innan eins árs frá því er töluliður þessi öðlast gildi skal hver aðili banna innflutning allra takmörkunarskyldra efna í flokki II í Viðauka C frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

L. 4. gr., 2. tl. B

Eftirfarandi tölulið skal bæta við bókunina aftan við 2. tl. A 4. gr.:

2B. Einu ári eftir að töluliður þessi öðlast gildi skal hver aðili banna útflutning á öllum takmörkunarskyldum efnum í flokki II í Viðauka C til sérhvers þess ríkis sem ekki er aðili að bókun þessari.

M. 4. gr., 3. tl. B

Eftirfarandi tölulið skal bæta við bókunina aftan við 3. tl. A 4. gr.:

3B. Innan þriggja ára frá því er töluliður þessi öðlast gildi skulu aðilar, eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins, semja viðauka með skrá yfir framleiðsluvörur sem innihalda takmörkunarskyld efni í flokki II í Viðauka C. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu, innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi, banna innflutning þessara framleiðsluvara frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

N. 4. gr., 4. tl. B

Eftirfarandi tölulið skal bæta við bókunina aftan við 4. tl. A 4. gr.

in order to satisfy the basic domestic needs of the Parties operating under paragraph 1 of Article 5, its calculated level of production may exceed that limit by up to ten per cent of its calculated level of production in 1991. The calculated levels of consumption and production under this Article shall not include the amounts used by the Party for quarantine and pre-shipment applications.

J. Article 3

In Article 3 of the Protocol, for the words:
2A to 2E
there shall be substituted:
2A to 2H
and for the words
or Annex B
there shall be substituted each time they occur:
, Annex B, Annex C or Annex E

K. Article 4, paragraph 1 ter

The following paragraph shall be inserted after paragraph 1 bis of Article 4

1 ter. Within one year of the date of entry into force of this paragraph, each Party shall ban the import of any controlled substances in Group II of Annex C from any State not party to this Protocol.

L. Article 4, paragraph 2 ter

The following paragraph shall be inserted after paragraph 2 bis of Article 4 of the Protocol:

2 ter. Commencing one year after the date of entry into force of this paragraph, each Party shall ban the export of any controlled substances in Group II of Annex C to any State not party to this Protocol.

M. Article 4, paragraph 3 ter

The following paragraph shall be inserted after paragraph 3 bis of Article 4 of the Protocol:

3 ter. Within three years of the date of entry into force of this paragraph, the Parties shall, following the procedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of products containing controlled substances in Group II of Annex C. Parties that have not objected to the annex in accordance with those procedures shall ban, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

N. Article 4, paragraph 4 ter

The following paragraph shall be inserted after paragraph 4 bis of Article 4 of the Protocol:

4B. Innan fimm ára frá því er töluliður þessi öðlast gildi skulu aðilar ákveða að hvaða leyti gerlegt sé að banna eða takmarka innflutning frá ríkjum, sem ekki eru aðilar að bókun þessari, á vörum sem framleiddar eru með takmörkunarskyldum efnum í flokki II í Viðauka C en innihalda ekki slík efni. Verði þetta talið framkvæmanlegt skulu aðilar, eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 10. gr. samningsins, semja viðauka með skrá yfir slíkar framleiðsluvörur. Aðilar sem ekki hafa andmælt honum eins og málsmeðferðin gerir ráð fyrir skulu, innan eins árs frá því er viðaukinn öðlast gildi, banna eða takmarka innflutning þessara framleiðsluvara frá sérhverju því ríki sem ekki er aðili að bókun þessari.

O. 4. gr., 5., 6. og 7. tl.

Í 5., 6., og 7. tl. 4. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

takmörkunarskyldra efna

skal setja:

takmörkunarskyldra efna í Viðaukum A og B og flokki II í Viðauka C

P. 4. gr., 8. tl.

Í 8. tl. 4. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

sem getið er um í töluliðum 1., 1A., 3., 3A., 4. og 4A., og útflutning sem getið er um í töluliðum 2. og 2A.

skal setja:

og útflutning sem getið er um í töluliðum 1. til 4B. þessarar greinar

og aftan við orðin:

greinum 2A til 2E

skal bæta við:

, grein 2G

Q. 4. gr., 10. tl.

Eftirfarandi tölulið skal bæta við bókunina aftan við 9. tl. 4. gr. bókunarinnar:

10. Eigi síðar en 1. janúar 1996 skulu aðilar íhuga hvort breyta skuli bókun þessari til að láta aðgerðir í grein þessari ná til verslunar með takmörkunarskyld efni í flokki I í Viðauka C og Viðauka E við ríki sem ekki eru aðilar að bókuninni.

R. 5. gr., 1. tl.

Eftirfarandi orðum skal bæta við lok 1. tl. 5. gr. bókunarinnar:

, með því skilyrði að frekari breytingar á lagfæringum eða breytingum, sem samþykktar voru á öðrum fundi aðila í Lundúnum 29. júní 1990, skulu

4 ter. Within five years of the date of entry into force of this paragraph, the Parties shall determine feasibility of banning or restricting, from States not party to this Protocol, the import of products produced with, but not containing, controlled substances in Group II of Annex C. If determined feasible, the Parties shall, following the procedures in Article 10 of the Convention, elaborate in an annex a list of such products. Parties that have not objected to the annex in accordance with those procedures shall ban or restrict, within one year of the annex having become effective, the import of those products from any State not party to this Protocol.

O. Article 4, paragraphs 5, 6 and 7

In paragraphs 5, 6 and 7 of Article 4 of the Protocol, for the words:

controlled substances

there shall be substituted:

controlled substances in Annexes A and B and Group II of Annex C

P. Article 4, paragraph 8

In paragraph 8 of Article 4 of the Protocol, for the words:

referred to in paragraphs 1, 1 bis, 3, 3 bis, 4 and 4 bis and exports referred to in paragraphs 2 and 2 bis

there shall be substituted:

and exports referred to in paragraphs 1 to 4 ter of this Article

and after the words:

Articles 2A to 2E

there shall be added:

, Article 2G

Q. Article 4, paragraph 10

The following paragraph shall be inserted after paragraph 9 of Article 4 of the Protocol:

10. By 1 January 1996, the Parties shall consider whether to amend this Protocol in order to extend the measures in this Article to trade in controlled substances in Group I of Annex C and in Annex E with States not party to the Protocol.

R. Article 5, paragraph 1

The following words shall be added at the end of paragraph 1 of Article 5 of the Protocol:

, provided that any further amendments to the adjustments or Amendments adopted at the Second Meeting of the Parties in London, 29 June

gilda um aðila sem beita þessum tölulíð eftir að sú endurskoðun sem kveðið er á um í 8. tl. þessarar greinar hefur farið fram og skulu byggðar á niðurstöðum þeirrar endurskoðunar.

S. 5. gr., 1. tl. A

Eftirfarandi tölulíð skal bæta við bókunina aftan við 1. tl. 5. gr. bókunarinnar:

1A. Með hliðsjón af þeirri endurskoðun sem vísað er til í 8. tl. þessarar greinar, mati í samræmi við 6. gr. og hvers konar öðrum viðeigandi upplýsingum, skulu aðilar eigi síðar en 1. janúar 1996 ákveða eftir þeirri málsmeðferð sem lýst er í 9. tl. 2. gr.:

(a) Með tilliti til 1. til 6. tl. greinar 2F hvaða viðmiðunarár, viðmiðunarmagn, takmörkunaráætlanir og dagsetning áfangalokunar fyrir neyslu á takmörkunarskyldum efnum í flokki I í Viðauka C skuli gilda um aðila sem beita 1. tl. þessarar greinar;

(b) Með tilliti til greinar 2G hvaða dagsetning áfangalokunar fyrir framleiðslu og neyslu á efnum í flokki II í Viðauka C skuli gilda um aðila sem beita 1. tl. þessarar greinar og

(c) Með tilliti til greinar 2H hvaða viðmiðunarár, viðmiðunarmagn og takmörkunaráætlanir fyrir neyslu og framleiðslu á takmörkunarskylda efnum í Viðauka E skuli gilda um aðila sem beita 1. tl. þessarar greinar.

T. 5. gr., 4. tl.

Í 4. tl. 5. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

greinum 2A til 2E
skal setja:
greinum 2A til 2H

U. 5. gr., 5. tl.

Í 5. tl. 5. gr. bókunarinnar, á eftir orðunum:

sem lýst er í greinum 2A til 2E
skal bæta við:
, og hvers konar takmörkunarráðstöfunum í greinum 2F til 2H sem ákveðnar eru í samræmi við 1. tl. A þessarar greinar,

V. 5. gr., 6. tl.

Í 6. tl. 5. gr. bókunarinnar, á eftir orðunum:

skuldbindinga sem kveðið er á um í greinum 2A til 2E
skal bæta við:

1990, shall apply to the Parties operating under this paragraph after the review provided for in paragraph 8 of this Article has taken place and shall be based on the conclusions of that review.

S. Article 5, paragraph 1 bis

The following paragraph shall be added after paragraph 1 of Article 5 of the Protocol:

1 bis. The Parties shall, taking into account the review referred to in paragraph 8 of this Article, the assessments made pursuant to Article 6 and any other relevant information, decide by 1 January 1996, through the procedure set forth in paragraph 9 of Article 2:

(a) With respect to paragraphs 1 to 6 of Article 2F, what base year, initial levels, control schedules and phase-out date for consumption of the controlled substances in Group I of Annex C will apply to Parties operating under paragraph 1 of this Article; and

(b) With respect to Article 2G, what phase-out date for production and consumption of the controlled substances in Group II of Annex C will apply to Parties operating under paragraph 1 of this Article; and

(c) With respect to Article 2H, what base year, initial levels and control schedules for consumption and production of the controlled substance in Annex E will apply to Parties operating under paragraph 1 of this Article.

T. Article 5, paragraph 4

In paragraph 4 of Article 5 of the Protocol, for the words:

Articles 2A to 2E
there shall be substituted:
Articles 2A to 2H

U. Article 5, paragraph 5

In paragraph 5 of Article 5 of the Protocol, after the words:

set out in Articles 2A to 2E
there shall be added:
, and any control measures in Articles 2F to 2H that are decided pursuant to paragraph 1 bis of this Article,

V. Article 5, paragraph 6

In paragraph 6 of Article 5 of the Protocol, after the words:

obligations laid down in Articles 2A to 2E
there shall be added:

, eða neina eða einhverja þeirra skuldbindinga í greinum 2F til 2H sem ákveðnar eru í samræmi við 1. tl. A þessarar greinar.

W. 6. gr.

Eftirfarandi orð skal fella brott úr 6. gr. bókunarinnar:

greinum 2A til 2E og aðstöðuna varðandi framleiðslu, innflutning og útflutning ótímasettra efna í flokki I í Viðauka C og í stað þeirra koma: greinum 2A til 2H

X. 7. gr., 2. og 3. tl.

Í stað 2. og 3. tl. 7. gr. bókunarinnar skal koma eftirfarandi:

2. Hver aðili skal veita skrifstofunni tölfraðilegar upplýsingar um framleiðslu sína, innflutning og útflutning á hverju takmörkunarskyldu efni – í Viðaukum B og C, á árinu 1989; – í Viðauka E, á árinu 1991,

eða eins áreiðanlegar áætlanir og kostur er ef gögn eru ekki fyrir hendi, eigi síðar en þrem mánuðum frá þeim degi er ákvæði, sem greint er frá í bókuninni varðandi efnin í Viðaukum B, C og E, eftir því sem við á, öðlast gildi varðandi þann aðila.

3. Hver aðili skal veita skrifstofunni tölfraðilegar upplýsingar um ársframleiðslu sína (eins og skilgreint er í 5. tl. 1. gr.) á sérhverju hinna takmörkunarskyldu efna sem skráð eru í Viðaukum A, B, C og E og aðskildar upplýsingar, að því er varðar hvert efni, um

- magn sem notað er sem hráefni,
- magn sem eytt er með þeirri tækni er aðilarnir samþykkja og
- innflutning frá og útflutning til annars vegar aðila samningsins og hins vegar ríkja sem ekki eru aðilar

á því ári er ákvæðin um efnin í Viðaukum A, B, C og E, eftir því sem við á, öðluðust gildi varðandi þann aðila og fyrir hvert ár eftir það. Upplýsingar skal afhenda eigi síðar en níu mánuðum frá lokum þess árs sem þær eiga við.

Y. 7. gr., 3. tl. A

Eftirfarandi tölulíð skal bæta við bókunina aftan við 3. tl. 7. gr. bókunarinnar:

3A. Hver aðili skal veita skrifstofunni aðskildar tölfraðilegar upplýsingar um árlegan innflutning og útflutning á sérhverju þeirra takmörkunarskyldu efna sem skráð eru í flokki II í Viðauka A og flokki I í Viðauka C sem hafa verið endurunnið.

, or any or all obligations in Articles 2F to 2H that are decided pursuant to paragraph 1 bis of this Article.

W. Article 6

The following words shall be deleted from Article 6 of the Protocol:

Articles 2A to 2E, and the situation regarding production, imports and exports of the transitional substances in Group I of Annex C and replaced by Articles 2A to 2H

X. Article 7, paragraphs 2 and 3

Paragraphs 2 and 3 of Article 7 of the Protocol shall be replaced by the following:

2. Each Party shall provide to the Secretariat statistical data on its production, imports and exports of each of the controlled substances – in Annexes B and C, for the year 1989; – in Annex E, for the year 1991,

or the best possible estimates of such data where actual data are not available, not later than three months after the date when the provisions set out in the Protocol with regard to the substances in Annexes B, C and E respectively enter into force for that Party.

3. Each Party shall provide to the Secretariat statistical data on its annual production (as defined in paragraphs 5 of Article 1) of each of the controlled substances listed in Annexes A, B, C and E and, separately, for each substance,

- Amounts used for feedstocks,
- Amounts destroyed by technologies approved by the Parties, and
- Imports from and exports to Parties and non-Parties respectively,

for the year during which provisions concerning the substances in Annexes A, B, C and E respectively entered into force for that Party and for each year thereafter. Data shall be forwarded not later than nine months after the end of the year to which the data relate.

Y. Article 7, paragraph 3 bis

The following paragraph shall be inserted after paragraph 3 of Article 7 of the Protocol:

3 bis. Each Party shall provide to the Secretariat separate statistical data of its annual imports and exports of each of the controlled substances listed in Group II of Annex A and Group I of Annex C that have been recycled.

Z. 7. gr., 4. tl.

Í 4. tl. 7. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

í 1., 2., og 3. tl.

skal setja:

í töluðum 1, 2, 3 og 3A

AA. 9. gr., 1. tl. (a)

Eftirfarandi orð skal fella brott úr 1. tl. (a) 9. gr. bókunarinnar:

og ótímasettra

BB. 10. gr., 1. tl.

Í 1. tl. 10. gr. bókunarinnar, á eftir orðunum:

greinum 2A til 2E

skal bæta við:

, og hvers konar takmörkunarráðstöfunum í greinum 2F til 2H sem ákveðnar eru í samræmi við 1. tl. A 5. gr.

CC. 11. gr., 4. tl. (g)

Eftirfarandi orð skal fella brott úr 4. tl. (g) 11. gr. bókunarinnar:

og stöðuna varðandi ótímasett efni

DD. 17. gr.

Í 17. gr. bókunarinnar, í stað orðanna:

greinum 2A til 2E

skal setja:

greinum 2A til 2H

EE. Viðaukar

1. Viðauki C

Eftirfarandi viðauki skal koma í stað Viðauka C í bókuninni:

Viðauki C
Takmörkunarskyld efni

Flokkur	Efni	Fjöldi ísómera	Óson-eyðingarhæfni*
Flokkur I			
CHFC ₂	(HCFC-21)**	1	0.04
CHF ₂ Cl	(HCFC-22)**	1	0.055
CH ₂ FCI	(HCFC-31)	1	0.02
C ₂ HFCl ₄	(HCFC-121)	2	0.01 - 0.04
C ₂ HF ₂ Cl ₃	(HCFC-122)	3	0.02 - 0.08
C ₂ HFCl ₂	(HCFC-123)	3	0.02 - 0.06
CHCl ₂ CF ₃	(HCFC-123)**	-	0.02
C ₂ HF ₂ Cl	(HCFC-124)	2	0.02 - 0.04
CHFClCF ₃	(HCFC-124)**	-	0.022
C ₂ H ₂ FCI ₃	(HCFC-131)	3	0.007 - 0.05
C ₂ H ₂ F ₂ Cl ₂	(HCFC-132)	4	0.008 - 0.05

Z. Article 7, paragraph 4

In paragraph 4 of Article 7 of the Protocol, for the words:

in paragraphs 1, 2 and 3

there shall be substituted:

in paragraphs 1, 2, 3 and 3 bis

